



6. október 2023  
Tilv.: 2309116

Nefndarsvið Alþingis  
nefndarsvið@althingi.is  
Kirkjustræti  
101 Reykjavík

## Efni: Fjárlagafrumvarp ársins 2024

Með tölvupósti dags. 21. september sl. óskaði fjárlaganefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabankans Íslands um frumvarp til laga um fjárlög 2024, 1. mál.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til fjárheimildir fyrir útgjöld ríkissjóðs árið 2024 og tekjur ársins áætlaðar. Seðlabankinn horfir fyrst og fremst til aðhaldsstigs ríkisfjármála þar sem það hefur áhrif á heildareftirspurn í hagkerfinu og þar með á verðbólguhorfur. Í þessu tilliti horfir Seðlabankinn helst til þess hvernig frumjöfnuður ríkissjóðs breytist á milli ára að teknu tilliti til hagsveiflunnar auk þess sem leiðrétt er fyrir veigameiri einskiptisliðum.

Í frumvarpinu er áætlað að afgangur af frumjöfnuði ríkissjóðs verði minni á næsta ári en búist er við að hann verði í ár. Rekja má þá þróun að hluta til þess að horfur eru á að verðbólga í ár verði meiri en hún var ætluð í forsendum fjárlaga 2023. Verðbólgan hefur tekjuaukandi áhrif í ár en áhrifa á gjaldahlið gætir í meiri mæli í verðlagsuppfærslum ársins 2024 þar sem tekið er tillit til vanáætlaðrar verðbólgu fyrra árs. Er þetta til þess fallið að draga úr afgangi frumjafnaðar milli ára. Auk þess hafði sala Landsvirkjunar á Landsneti umtalsverð einskiptis áhrif á tekjuskatt lögaðila árið 2023. Að teknu tilliti til þess að spáð er minnkandi framleiðsluspennu á næsta ári kemur fram í frumvarpinu að aðhaldsstig ríkisfjármála eykst um 0,3%.


Í ljósi þróunar verðbólgu telur Seðlabankinn brýnt að ekki verði vikið frá því að aðhaldi í ríkisfjármálum verði beitt á næstu misserum. Með því geta ríkisfjármálin lagst á sveif með Seðlabankanum í baráttunni við verðbólgu og dregið úr aðhaldspörf peningastefnunnar.

Umfjöllun Seðlabankans um aðhaldsstig ríkisfjármála verður að finna í Peningamálum 2023/4 sem koma munu út 22. nóvember næstkomandi. Um leið birtir bankinn nýja þjóðhagsspá.

Að öðru leyti gerir Seðlabanki Íslands ekki athugasemdir við frumvarp þetta.

Virðingarfyllt,

SEÐLABANKI ÍSLANDS

  
Rannveig Jónsdóttir  
framkvæmdastjóri  
skrifstofa bankastjóra

  
Þórarinn G. Pétursson  
framkvæmdastjóri  
hagfræði og peningastefna